



123. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. desember 2011 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Þórólfur Halldórsson boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 11:00.

Fundargerð 122. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Skipulag fyrir stígakerfi í Flatey

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar á skipulagi fyrir stígakerfi í Flatey.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar fyrirhugaðri framkvæmd en vill minna á mikilvægi þess að fornleifaskráning fari fram á framkvæmdasvæðinu áður en framkvæmdir hefjast. Nefndin bendir einnig á skort á upplýsingum hvað varðar þörf miðað við áætlaðan fjölda ferðamanna. Nauðsynlegt er að hafa í huga að fara ekki í meiri framkvæmdir en þörf er á svo sem breidd á göngustígum.

Nefndin veltir fyrir sér við hvaða staðla framkvæmdin sé miðuð hvað varðar breidd göngustíga. Samkvæmt upplýsingum frá Sæferðum hafa þeir flutt 18-21 þúsund manns í Flatey á ári. Mestur fjöldi ferðamanna er í júlí eða allt að 9 þús manns.

Önnur mál

Í framhaldi af umræðu um göngustígagerð í Flatey ræddi nefndin mikilvægi þess að gerð væri úttekt um þolmörk Flateyjar hvað varðar fjölda ferðamanna og verndun gróðurs og dýralífs.

Þorleifur afhenti nefndarmönnum greinargerð um örnefnaskráningu Náttúrustofu Vestfjarða í Dalabyggð og sagði stuttlega frá framvindu verkefnisins. Gengið verður frá áframhaldandi samningi varðandi verkefnið. Breiðafjarðarnefnd lýsir yfir ánægju sinni með vinnu við örnefnaskráninguna og hlakkar til að sjá afrakstur þessarar vinnu á næsta ári.

Ásgeir Gunnar sagði frá hugmynd sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps um að koma á fót jarðvangi (Geopark) á Snæfellsnesi sem tæki til jarðfræðilegra og menningarlegra minja. Jarðvangurinn á að ná frá Ljósufjöllum og vestur til Snæfellsjökuls.



Kolbrún formaður nefndarinnar er að hætta störfum vegna persónulegra ástæðna. Hún kvaddi fundarmenn og þakkaði fyrir ánægjulegan tíma með nefndinni en þetta var hennar síðasti fundur. Nefndarmenn þökkuðu Kolbrúnu fyrir hennar störf og því góða samstarfi sem nefndin hefur átt með henni. Nefndarmenn óska Kolbrúnu velfarnaðar í framtíðinni.

Fundi var slitið kl. 14:00

Næsti fundur er áætlaður í janúar 2012.